

STARFSREGLUR

fyrir undanþágunefnd.

1. gr.

Almennt um nefndina.

Nefndin heitir undanþágunefnd og heyrir stjórnarfarslega undir samgönguráðherra. Nefndin fjallar um undanþágur til starfa á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum eftir því sem nánar er kveðið á um í 21. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum og 8. gr. laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum.

Siglingastofnun Íslands fjallar um undanþágur til starfa á farþegaskipum og flutningaskipum samkvæmt lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, með síðari breytingum og reglugerð samkvæmt þeim lögum. Undanþágunefnd skal halda gerðarbók um störf nefndarinnar. Ákvarðanir nefndarinnar skulu vera skriflegar. Siglingastofnun Íslands annast skrifstofuhald og daglega afgreiðslu fyrir nefndina.

2. gr.

Umsókn um undanþágu.

Umsókn um undanþágu samkvæmt 3.–7. gr. skal senda undanþágunefnd á sérstöku eyðublaði sem nálgast má á heimasíðu Siglingastofnunar og á aðalskrifstofu og umdæmisskrifstofum hennar og hjá lögskráningaraðilum. Umsókn skulu fylgja upplýsingar sem krafist er á eyðublaði. Þegar sótt er um undanþágu til starfs, sem auglýsa ber í fjölmiðlum, skal jafnframt fylgja fullnægjandi sönnun þess að starfið hafi verið auglýst, svo sem kvittun fyrir greiðslu auglýsingar eða ljósrit af auglýsingu.

3. gr.

Störf skipstjóra.

Undanþágur til skipstjórastarfa má veita án undangenginnar auglýsingar í slysa- og veikindatilvikum eða til afleysinga í allt að einn mánuð í senn og þá til 1. stýrimanns viðkomandi skips, enda hafi hann a.m.k. 3 mánaða siglingatíma á viðkomandi skipi sem stýrimaður, eða til manns sem hefur skipstjóraréttindi næsta stigs fyrir neðan, þau sem krafist er.

Ef skortur er á mönnum með nægileg skipstjóraréttindi er heimilt að veita skipstjórum undanþágu í allt að 6 mánuði í senn, enda fullnægi þeir eftirtöldum skilyrðum eftir því sem við á:

- (a) Sé skipið stærra en 200 rúmlestir, þá hafi þeir 200 rúmlesta skipstjóraréttindi og hafi starfað sem skipstjórar í a.m.k. 50 mánuði þar af a.m.k. 12 mánuði á viðkomandi skipi, nema um sé að ræða endurnýjun á skipi í eigu sömu útgerðar, enda sé krafist sömu réttinda á hið nýja skip.
- (b) Sé skipið stærra en 100 rúmlestir, þá hafi þeir að minnsta kosti 80 rúmlesta réttindi og hafi starfað sem skipstjórar í a.m.k. 50 mánuði þar af a.m.k. 12 mánuði á viðkomandi skipi, nema um sé að ræða endurnýjun á skipi í eigu sömu útgerðar enda sé krafist sömu réttinda á hið nýja skip.
- (c) Sé skipið 100 rúmlestir eða minna þá hafi þeir a.m.k. 30 rúmlesta réttindi og hafi starfað sem skipstjórar í a.m.k. 50 mánuði þar af a.m.k. 12 mánuði á viðkomandi skipi, nema um sé að ræða endurnýjun á skipi í eigu sömu útgerðar, enda sé krafist sömu réttinda á hið nýja skip.

4. gr.

Störf yfirvélstjóra.

Undanþágur til yfirvélstjórastarfa má veita án undangenginnar auglýsingar í slysa- og veikindatilvikum eða til afleysinga í allt að einn mánuð í senn og þá til 1. vélstjóra eða vélavarðar viðkomandi skips. Vélstjórinn hafi a.m.k. næsta réttindastig fyrir neðan þau réttindi sem krafist er og a.m.k. 3 mánaða starfstíma á viðkomandi skipi. Vélavörðurinn hafi vélavarðarréttindi og a.m.k. 3 mánaða starfstíma á viðkomandi skipi.

Ef skortur er á mönnum með nægileg réttindi er heimilt að veita vélstjórum undanþágu í allt að 6 mánuði í senn, enda fullnægi þeir eftirfarandi skilyrðum eftir því sem við á:

- a) Hafi lokið námi til viðkomandi réttinda og a.m.k. helmingi af skilgreindum siglingatíma eða,
Fyrir skip með 376 kW aðalvél og stærri.
- b) hafi næsta réttindastig fyrir neðan þau réttindi sem þarf á viðkomandi skip og hafi starfað a.m.k. 50 mánuði sem yfirvélstjóri, þar af í 12 mánuði á viðkomandi skipi, nema um sé að ræða endurnýjun á skipi í eigu sömu útgerðar, enda sé krafist sömu réttinda á hið nýja skip.

5. gr.

Störf stýrimanna.

Undanþágur til stýrimannastarfa má veita án undangenginnar auglýsingar í slysa- og veikindatilvikum eða til afleysinga í allt að einn mánuð í senn, og þá til stýrimanns, sem hefur næsta réttindastig fyrir neðan þau réttindi, sem þarf á viðkomandi skip.

Ef skortur er á mönnum með nægileg stýrimannsréttindi er heimilt að veita stýrimönnum undanþágu í allt að 6 mánuði í senn, enda fullnægi þeir a.m.k. öðru eftirfarandi skilyrða:

- a) hafi lokið námi til viðkomandi réttinda en vanti siglingatíma eða,
- b) hafi næsta réttindastig fyrir neðan þau réttindi sem þarf á viðkomandi skip og hafi starfað í a.m.k. 30 mánuði sem stýrimenn.

6. gr.

Störf undirvélstjóra.

Undanþágur til undirvélstjórastarfa má veita án undangenginnar auglýsingar í slysa- og veikindatilvikum eða til afleysinga í allt að einn mánuð í senn, og þá til vélstjóra með næsta réttindastig fyrir neðan þau réttindi sem þarf á viðkomandi skip.

Ef skortur er á mönnum með nægileg vélstjóraréttindi er heimilt að veita vélstjórum undanþágu til starfa í allt að 6 mánuði í senn, enda fullnægi þeir a.m.k. öðru eftirfarandi skilyrða.

- a) Hafi lokið námi til viðkomandi réttinda og a.m.k. helmingi af skilgreindum siglingatíma sé um starf 1. vélstjóra að ræða, en a.m.k. fjórðungi af skilgreindum siglingatíma, sé um starf 2. vélstjóra að ræða.
- b) Hafi næsta réttindastig fyrir neðan þau réttindi sem þarf á viðkomandi skip og hafi starfað að auki 12 mánuði sem vélstjóri, sé um starf 1. vélstjóra að ræða.

7. gr.

Störf vélavarða.

Undanþágur til vélavarðastarfa má veita án undangenginnar auglýsingar, í slysa- og veikindatilvikum eða til afleysinga í allt að einn mánuð í senn.

8. gr.

Afturköllun undanþágu.

Óski maður með tilskilin starfsréttindi eftir starfi undanþágumanns, skal undanþágunefnd fella undanþáguheimildina úr gildi. Afturköllun skal að jafnaði gilda frá þeim tíma er skipið kemur til hafnar, ef það er á sjó, enda sé réttindamaðurinn tilbúinn að taka við starfi undanþágumannsins þá þegar.

9. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru skv. 21. gr. laga nr. 112/1984 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum og 8. gr. laga nr. 113/1984 um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, öðlast gildi 1. mars 1992 og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi starfsreglur fyrir undanþágunefnd nr. 20/1992.

Samgönguráðuneytinu, 21. maí 2003.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.